

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 8/2005

**Sjóvá-almennar tryggingar hf.**

gegn

**samkeppnisráði**

#### I.

#### **Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með bréfi, dags. 21. mars 2005, hafa Sjóvá-almennar tryggingar hf. (nú Sjóvá hf.) kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 9/2005](#), dags. 23. febrúar 2005. Í hinni kærðu ákvörðun, komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi hefði brotið gegn brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 3. gr. laga nr. 107/2000. Með heimild í 52. gr. samkeppnislaga, sbr. 17. gr. laga nr. 107/2000, lagði samkeppnisráð stjórnvaldssektir á áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

## II. Málavextir

Tildrög málsins má rekja til þess að maður er starfar við bifreiðaréttingar- og sprautun leitaði til Samkeppnisstofnunar í júlí 2002. Tjáði hann stofnuninni að áfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) og Tryggingamiðstöðin hf. (TM) (saman nefnd tryggingafélögin) væru að setja upp svokallað Cabas-tjónamatskerfi, sem væri ætlað að staðla þá vinnu sem unnin væri við bifreiðaréttingar og sprautun á tjónabifreiðum. Taldi kvartandi, sem naut nafnleyndar, að aðgerðir tryggingafélaganna í tengslum við innleiðingu kerfisins færu gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í máli hans kom m.a. fram að í umræddu kerfi fælist að tiltekin tjón væru metin sem ákveðinn fjöldi eininga. Tryggingafélögin settu einhliða upp það einingaverð sem þau væru tilbúin að greiða og væri verðið, 45 krónur á eininguna, það sama hjá öllum félögunum. Samkeppnisstofnun leitaði umsagnar tryggingafélaganna um kvörtunina. Í svörum þeirra var gerð grein fyrir hvernig staðið hefði verið að innleiðingu tjónamatskerfisins og því hafnað að þau hefðu brotið gegn samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun óskaði ennfremur eftir upplýsingum frá öllum þeim verkstæðum sem höfðu lokið námskeiði í notkun Cabas-kerfisins um reynslu þeirra af innleiðingu kerfisins.

Í janúar 2003 var tryggingafélögunum kynnt frumathugun Samkeppnisstofnunar. Helstu niðurstöður hennar voru þær að stofnunin taldi gögn málsins sýna að félögin hefðu haft með sér samráð um að meta þá hækkunarþörf á greiðslum til verkstæða sem talin var nauðsynleg vegna innleiðingar Cabas-kerfisins. Jafnframt hefðu félögin ákveðið sameiginlegt viðmiðunarverð á hverri einingu í Cabas-kerfinu. Ennfremur hefðu félögin haft með sér samráð um endanlegt kaupverð á viðgerðarþjónustu hjá P. Samúelssyni ehf. Með þessu hefðu tryggingafélögin brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í mars 2003 bárust athugasemdir félaganna við frumathugun Samkeppnisstofnunar þar sem þau höfnuðu því að hafa brot gegn samkeppnislögum.

Í janúar 2005 ákvað samkeppnisráð að gefa tryggingafélögunum kost á því að tjá sig munnlega um efni þessa máls og var lögmönnum félaganna boðið að mæta á fund ráðsins

hinn 14. janúar 2005. Fyrir þann tíma óskaði VÍS eftir viðræðum við Samkeppnisstofnun um að ljúka málinu með sátt. Lauk þeim viðræðum með því að samkeppnisráð og VÍS gerðu með sér sátt hinn 13. janúar 2005. Í sáttinni fólst að VÍS gekkst við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í eftirfarandi tilvikum:

1. Með því að hafa ásamt áfrýjanda og TM, aðallega á árinu 2002, haft samvinnu um að meta breytingaþörf á greiðslum til bifreiðaverkstæða í tengslum við innleiðingu Cabas-kerfisins.
2. Með því að hafa ásamt áfrýjanda og TM haft á árinu 2002 samvinnu um viðmiðunarverð á einingu í Cabas-kerfinu.
3. Með því að hafa ásamt áfrýjanda og TM átt sameiginlegar viðræður við P. Samúelsson ehf. á árinu 2002 um innkaupsverð á viðgerðarþjónustu af því fyrirtæki.

Vegna þessara brota féllst VÍS á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 15.000.000.

Sátt samkeppnisráðs og VÍS var send TM og áfrýjanda til upplýsingar. Óskuðu félögin eftir því að boðuðum fundi samkeppnisráðs yrði frestað vegna þessa. Urðu samkeppnisyfirvöld við óskinni. Í kjölfar þessa óskaði TM eftir viðræðum við Samkeppnisstofnun um að ljúka málinu með sátt. Lauk þeim viðræðum með því að samkeppnisráð og TM gerðu með sér sátt þann 4. febrúar 2005. Í sáttinni fólst að TM gekkst við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að hafa, aðallega á árinu 2002, haft ólögmett samráð við VÍS og áfrýjanda í tengslum við að meta áhrif þess að taka upp Cabas-kerfið. Vegna þessara brota féllst TM á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 18.500.000.

Áfrýjandi fór fram á að afgreiðslu málsins hjá samkeppnisráði yrði frestað um þrjá mánuði sem hann hugðist nýta til þess að höfða vitnamál fyrir dómi og fá skýrslur teknar af þeim starfsmönnum VÍS sem fullyrtu að þeir hefðu átt í ólögmettu samráði við áfrýjanda. Samkeppnisráð hafnaði þessari frestbeiðni áfrýjanda með bókun. Áfrýjandi kærði þessa bókun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem vísaði málinu frá þar sem bókun samkeppnisráðs var ekki talin kæránleg. Í ljósi þessa var

áfrýjanda á ný boðið að tjá sig munnlega um efni þessa máls og kom lögmaður félagsins fyrir samkeppnisráð þann 18. febrúar 2005.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er nánar lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 23. febrúar 2005 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með þeim aðgerðum sem lýst er í þessari ákvörðun.

Með heimild í 52. gr. samkeppnislaga skulu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. tuttugu og sjö milljónir (27.000.000 kr.).

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

Mál þetta var flutt skriflega og munnlega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst 6. apríl 2005. Á fundi nefndarinnar 27. apríl 2005 reifuðu málsaðiliar sjónarmið sín.

### III.

#### Sjónarmið málsaðila

##### *Sjónarmið áfrýjanda*

Áfrýjandi mótmælir því að hafa átt í ólögmetu samráði með VÍS og TM og telur að þau sönnunargögn sem samkeppnisráð hafi fært fram fyrir fullyrðingum sínum standist ekki. Ráðið dragi rangar ályktanir af þeim gögnum sem liggja frammi í málinu og mistúlki önnur. Þá telur áfrýjandi að jafnvel þótt áfrýjunarnefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að

hann hefði brotið gegn samkeppnislögum þá sé ekkert sem réttlæti að fyrirtækið sé látið sæta sektum og alls ekki sektum af þeirri stærðargráðu sem samkeppnisráð hafi ákveðið.

Áfrýjandi kveður að sáttir þær, sem VÍS og TM hafi gert hafi komið honum á óvart. Í sáttunum felist mjög þungar ásakanir á hendur áfrýjanda, þ.e. að hann hafi tekið þátt í ólögsmætu samráði með TM og VÍS, og þannig gert sig sekan um alvarleg brot gegn samkeppnislögum. Áfrýjandi bendir á að umræddar sáttir séu ekki samhljóða og hafi því takmarkað sönnunargildi í málinu. Enn fremur dragi viðbrögð VÍS og TM við ákvörðun samkeppnisráðs, eins og þau hafi birst í fjölmiðlum, úr sönnunargildi þeirra.

Áfrýjandi vísar til þess að markmiðið með því að taka upp Cabas-kerfið hafi verið að hagnýta nýjustu tækni og aðferðir við tjónsmat sem hefði í för með sér verulega hagræðingu og bættu þjónustu við neytendur. Hann hafnar þeirri niðurstöðu samkeppnisráðs að hann hafi brotið gegn samkeppnislögum með ólögsmætu samráði við TM og VÍS um hækkunarþörf verkstæða vegna innleiðingar kerfisins. Samkeppnisráð komist að þeirri niðurstöðu að samvinna váttryggingafélaganna að meta hækkunarþörf vegna innleiðingar Cabas-kerfisins hafi falið í sér samráð um innkaupsverð á verkstæðisþjónustu. Í þessari ályktun samkeppnisráðs sé falinn grundvallarmisskilningur á því hvað verkefni P. Samúelssonar ehf. hafi gengið út á. Fyrir innleiðingu Cabas-kerfisins hafi verið í gildi samningar milli áfrýjanda og einstakra verkstæða um tímagjald. Verkefnið hafi gengið út á að bera saman tímaáætlanir verkstæða samkvæmt eldra kerfi og tímaáætlanir í Cabas-kerfinu. Gert hafi verið samkomulag við P. Samúelsson ehf. um að prófa að vinna samkvæmt Cabas-kerfinu. Síðan hafi verið bornar saman saman tímamælingar eða einingar í Cabas-kerfi samanborið við tímamælingar samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Markmiðið hafi verið að finna út hver væri hækkunarþörf á einingu í Cabas-kerfi miðað við eldri tímamælingar til þess að verkstæðin yrðu jafnsett við vinnu samkvæmt eldra fyrirkomulagi og við vinnu í hinu nýja kerfi. Þetta hafi verið orðað á þann veg að leitast hafi verið við að finna hvað tímagjald þyrfti að hækka mikið hlutfallslega til þess að verkstæðin yrðu jafnsett og áður. Niðurstaða áfrýjanda hafi verið að verðið fyrir hverja klukkustund þyrfti að hækka um 57%. Með þessu hafi ekki verið átt við að greiðslur til verkstæða þyrftu að hækka um 57% heldur að setja þyrfti 57% álag á

Cabas-einingu. Áfrýjandi hafi ekki tekið þátt í neins konar samstarfi um að ákvarða verð á einingu í Cabas-kerfinu og félagið hafi samið eitt og sér við hvert verkstæði fyrir sig um tímagjald eða verð á Cabas-einingu.

Áfrýjandi mótmælir þeirri niðurstöðu samkeppnisráð að tryggingafélögin hafi haft með sér ólöglegt samráð um viðmiðunarverð á Cabas-einingu. Þannig sé ekki unnt að staðhæfa, eins og samkeppnisráð hafi gert, að tölvupóstur áfrýjanda, dags. 7. maí 2002, feli í sér “*a.m.k. óbeina staðfestingu*”, á því sem fram kemur í tölvupóstum P. Samúelssonar ehf. og TM um samvinnu váttryggingafélaganna. Þvert á mót staðfesti tölvupósturinn að áfrýjandi hafi alls ekki átt í ólöglegu samráði við TM og VÍS.

Hvað varðar tilvísun samkeppnisráðs til þess að viðgerðaráætlanir frá miðjum júlí 2002 frá váttryggingafélagunum þremur, sýni sama verðið, kr. 45 á einingu, þá vísar áfrýjandi til þess að hann hafi á sama tíma gert samninga við ýmis verkstæði og hvergi í þeim samningum hafi verið samið um kr. 45 á einingu.

Áfrýjandi fullyrðir að vinna P. Samúelssonar ehf. hafi ekki falist í því að semja sameiginlega við váttryggingafélögin þrjú. Fulltrúi áfrýjanda hafi hafnaði því strax á fundi 2. maí 2002 að ræða sameiginlega við P. Samúelsson ehf. um verð og tilkynnt að samið yrði sérstaklega við fyrirtækið. Sá fundur hafi verið síðasti sameiginlegi fundurinn sem fulltrúinn sat vegna innleiðingar Cabas-kerfisins.

Áfrýjandi fellst á að það sjónarmið samkeppnisráðs að viðgerðarþjónusta tjónabifreiða sé mikilvæg þjónusta, en bendir á að það sé hins vegar sé ekki skilyrði að verkstæði séu með Cabas-kerfið til að geta innt þessa þjónustu af hendi, eða til að fá verkefni frá váttryggingafélagunum. Samkeppnisráð geri hins vegar enga tilraun til að gera nánari grein fyrir því í hverju meint tjón viðskiptavina áfrýjanda hafi verið fólgið. Þá hafi samkeppnisráð ekki sýnt fram á hvaða samkeppni hafi verið raskað í skilningi samkeppnislaga.

Áfrýjandi telur það engan veginn í samræmi við fordæmi í íslenskum samkeppnisrétti að samkeppnisráð ákvarði honum sekt upp á kr. 27.000.000 og það fyrir þátttöku í meintu samráði, sem á að hafa staðið í skamman tíma og hafi engar samkeppnishömlur haft í för með sér, svo sem sjáist best á þeim samningum um mismunandi einingaverð sem hann hafi gert við verkstæðin.

#### *Sjónarmið samkeppnisráðs*

Af hálfu samkeppnisráðs er því fram haldið að það dragi ekki á nokkurn hátt úr sönnunargildi sátta VÍS og TM að þær séu ekki orðaðar á sama hátt. Í hvorri sátt fyrir sig felist undirrituð viðurkenning á því að viðkomandi tryggingafélag hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga með ólögmetu samráði við innleiðingu Cabas-kerfisins. Viðurkenningin sé ennfremur í samræmi við gögn málsins. Viðbrögð félaganna í fjölmiðlum í kjölfar ákvörðunar samkeppnisráðs hafi heldur engin áhrif.

Samkeppnisráð vísar til þess að skýrt komi fram í þeim upplýsingum sem tryggingafélögin hafi afhent samkeppnisyfirvöldum að í samvinnu félaganna og P. Samúelssonar ehf. hafi einnig falist mat á því hvernig verð til verkstæða þyrfti að breytast við innleiðingu Cabas-kerfisins.

Hvaða varðar staðhæfingu áfrýjanda þess efnis að hann kannist ekki við að hafa komið að sameiginlegum viðræðum við P. Samúelsson ehf. um verð í kjölfar „pilot“ verkefnisins þá vísar samkeppnisráðs til umfjöllunar um fund félaganna 2. maí 2002 í hinni kærðu ákvörðun. Við blasi að þegar tölvupóstur P. Samúelssonar ehf., sem sendur hafi verið til forstöðumanna tjonaskoðunardeilda áfrýjanda, TM og VÍS rétt eftir fundinn, sé skoðaður að verðumræður hafi farið fram á fundi þeim sem tölvupósturinn lýsi.

Samkeppnisráð telur ljóst af gögnum málsins að tryggingafélögin hafi haft með sér samráð um að meta breytingaþörf á greiðslum til verkstæða vegna upptöku Cabas-kerfisins. Í gögnum frá þeim tíma sem samvinna tryggingafélaganna hafi átt sér stað komi m.a. fram að „[v]erkefnið snérist einfaldlega um hver hækkunarþörf tímagjalds væri vegna upptöku Cabas“, sbr. tölvupóst áfrýjanda dags. 7. maí 2002, og að samvinnan hafi

átt að skila „grunni að faglegum útreikningi á þeirri hækkunarþörf sem skapast við upptöku Cabas kerfisins.“, sbr. ódagsettant tölvupóst TM.

Samkeppnisráð vísar til þess að í hinni kærðu ákvörðun sé gerð grein fyrir því að samkeppnisráð telji samvinnu tryggingafélaganna fela í sér samning og samstilltar aðgerðir sem hafi að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Hvað varð samvinnu tryggingafélaganna um viðmiðunarverð á Cabas-einingu þá áréttar samkeppnisráð að strax eftir fundinn 2. maí 2002 hafi P. Samúelsson ehf. sent tölvupóst til þeirra. Í honum komi skýrlega fram að tryggingafélögin hafi fjallað sameiginlega um verð á Cabas-einingu. Bæði áfrýjandi og TM hafi svarað þessum tölvupósti. Í þeim svörum sé ekki mótmælt þessum ummælum P. Samúelssonar ehf. um að félögin hafi haft þessa samvinnu. Sé því sönnunargildi tölvupóstsins mikið. Tölvupóstur TM sé þessu til ennfrekari stuðnings. Að mati samkeppnisráðs beri sá tölvupóstur engan veginn með sér að fulltrúi TM hafi einungis verið að lýsa sjónarmiðum TM en ekki hinna tryggingafélaganna. Þvert á móti sé tölvupósturinn saminn og sendur í framhaldi af þeirri umræðu sem fram fór á umræddum fundi. Við blasi við þegar þessi tölvupóstur TM sé skoðaður í heild sinni sé verið að lýsa umræðum félaganna þriggja um verð á Cabas-einingu og grunninn að slíkri verðlagningu.

Samkeppnisráð bendir á að ekki sé á því byggt í málinu að tryggingafélögin hafi ákveðið sameiginlegt innkaupsverð sem þau myndu ekki hvika frá heldur sé við það miðað að þau hafi haft samráð um viðmiðunarverð á Cabas-eininguna. Því geti þeir misháu samningar sem áfrýjandi vísi til ekki afsannað umrætt samráð.

Hvað varðar samráð tryggingafélaganna um kaupverð á viðgerðarþjónustu af P. Samúelssyni ehf. þá vísar samkeppnisráð til umfjöllunar í hinni kærðu ákvörðun um fund félaganna og fyrirtækisins hinn 2. maí 2002 og tölvupósta sem sendir voru á milli aðila eftir fundinn. Gögn málsins bendi eindregið til þess að áfrýjandi hafi ekki gert öðrum þátttakendum grein fyrir því að hann hafi ekki viljað taka þátt í ólögum samráði. Þegar tölvupóstur P. Samúelssonar ehf., sem sendur hafi verið eftir fundinn sé metinn í heild



sinni ásamt tölvupóstum félaganna sem sendir hafi verið í kjölfarið, sé ljóst að verðlagning viðgerðarþjónustu fyrirtækisins hafi verið til umræðu á títtnefndum fundi.

Samkeppnisráð bendir á að eftir 2. maí 2002 hafi tryggingafélögin samið við P. Samúelsson ehf. um nákvæmlega sama kaupverð á viðgerðarþjónustu. Þá hafi P. Samúelsson ehf. í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 20. janúar 2003, upplýst að félagið hafi „átt mjög góðar viðræður við tryggingafélögin um verð á einingunni og ekki hafa allir verið sammála. Okkar samanburðar útreikningar gáfu til kynna að við þyrftum að fá 56,54 kr. fyrir eininguna en samþykktum 54 kr þar sem ég tel að með Cabas kerfinu höfum við aukið hagræði og nýtingu til muna.“ Þegar öll framangreind gögn séu virt saman telur samkeppnisráð að ekki geti leikið nokkur vafi á því að áfrýjandi hafi ásamt VÍS og TM haft samráð um innkaupsverð á viðgerðarþjónustu af P. Samúelssyni ehf.

Samkeppnisráð kveður það rétt hjá áfrýjanda að Cabas-kerfið sem slíkt geti samrýmist samkeppnislögum. Í tengslum við innleiðingu kerfisins hafi tryggingafélögin hins vegar gripið til ráðstafana sem fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hugsanlegir kostir Cabas-kerfisins hafi enga þýðingu við mat á alvarleika þess brots.

Að lokum vísar samkeppnisráð til þess að markaðurinn fyrir bifreiðaréttingar og sprautun sé mikilvægur. Samráð tryggingafélaganna hafi veitt þeim óhæfilega mikinn og ólögmetan kaupendastyrk gagnvart verkstæðum. Ef kaupverð sé knúíð óeðlilega langt niður á grundvelli samráðs geti það með alvarlegum hætti raskað rekstri verkstæða og þar með samkeppni. Samráðið hafi verið í eðli sínu alvarlegt og til þess fallið að valda viðskiptavinum félaganna, bæði neytendum og verkstæðum, tjóni. Af þessu leiði að bæði hafi verið heimilt og eðlilegt, í því skyni að skapa varnaðaráhrif, að leggja sekt á áfrýjanda.

## IV. Niðurstaða

1

Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu er svonefnt Cabas- kerfi reiknikerfi sem notað er til að meta fjölda verktíma við tiltekin verk við réttingar og málun ökutækja sem hafa orðið fyrir tjóni. Meginþættir kerfisins eru tímamælingar við viðgerðir og málun, verð varahluta og útreikningskerfi. Tjónakostnaður er fundinn þannig út að tiltekið tjón er metið til ákveðins einingafjölda (sem grundvallast á tímamælingum) sem síðan er margfaldaður með einingaverði sem gert er ráð fyrir að verkstæði og tryggingafélög semji um.

2

Þann 6. september 2000 var á vegum Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) settur saman starfshópur í því skyni að taka upp umrætt kerfi hér á landi í stað huglægs mats sem áður hafði verið stuðst við. Starfshópurinn var skipaður yfirmönnum tjónaskoðunardeilda Vátryggingafélags Íslands, Sjóvár- Almennra trygginga og Tryggingamiðstöðvarinnar ásamt starfsmanni SÍT. Í gögnum málsins kemur fram að einhvers konar mæling þurfti að fara fram hér á landi á verktímum í Cabas-kerfinu annars vegar og áætluðum verktímum íslensks verkstæðis hins vegar þar sem ljóst þótti að leiðrétting þurfti að koma til á verði útseldrar vinnu til verkstæðanna vegna innleiðingar Cabas-kerfisins. Fyrir liggur að umrætt Cabas- tjónamatskerfi var síðan tekið upp eftir prófun þess hjá fyrirtækinu P. Samúelsson ehf.

3

Við málsmeðferð hjá Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði snerust deiluefni máls þessa einkum um hvort fyrrgreind tryggingafélög hefðu haft með sér samráð um þörf breytinga á greiðslum til bifreiðaverkstæða og um viðmiðunarverð á einingu í tengslum við innleiðingu á Cabas- kerfinu. Jafnframt hvort fyrrgreind tryggingafélög hafi haft með sér ólöglegt samráð um einingaverð gagnvart fyrirtækinu P. Samúelsson ehf. Í málinu liggur fyrir að Vátryggingafélags Íslands og samkeppnisráð gerðu með sér sátt út af þessu

máli þann 13. janúar 2005 þar sem félagið gekkst við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með þeim hætti sem greint hefur verið í II. kafla úrskurðar þessa og féllst jafnframt á að greiða stjórnvalds sekt að fjárhæð kr. 15.000.000. Skömmu síðar eða þann 4. febrúar 2005 féllst Tryggingamiðstöðin hf. einnig á að greiða stjórnvalds sekt að fjárhæð kr. 18.500.000 vegna sambærilegra brota.

## 4

Þó að mál þetta fjalli einkum um brot á 10. gr. samkeppnislaga er nauðsynlegt til þess að meta atvik í réttu lagalegu samhengi að fram fari greining á markaðinum og stöðu fyrirtækjanna sem koma við sögu á honum. Slík greining skiptir m.a. máli við ákvörðun stjórnvaldssekta. Hafi fyrirtæki ólöglegt samráð á tilteknum vörumarkaði verður almennt að telja samráðið því alvarlegra þeim mun stærri sem markaðurinn er sem samráðið nær til. Með svipuðum hætti má almennt telja slíkt samráð alvarlegra eftir því sem staða umræddra fyrirtækja er sterkari á markaðinum.

## 5

Samkvæmt 6. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Með slíkri greiningu er nánar leitast við að skilgreina þann vettvang sem samkeppnishamlandi athafnir kunna að hafa áhrif á. Af þessu leiðir einnig að markað verður nánar að greina út frá tveimur sjónarmiðum, þ.e. annars vegar með tilliti til þeirra vara eða þjónustu sem koma til álita og hins vegar af því sölusvæði þessara vara eða þjónustu sem til álita kemur.

## 6

Í köflum 2.1.- 2.2. í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er þjónustumarkaðurinn og landfræðilegi markaðurinn skilgreindur. Komist var að þeirri niðurstöðu að þjónustumarkaðurinn í máli þessu væri kaup á bifreiðaréttingu- og sprautun samkvæmt Cabas-kerfinu og að landfræðilegi markaðurinn væri landið allt. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála getur fallist á þessar skilgreiningar með þeim rökum sem tilfærð eru í

ákvörðuninni. Jafnframt hefur í kafla 2.3. í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar verið greind staða umræddra tryggingafyrirtækja á markaðinum en hún skipir einnig máli samkvæmt því sem segir í lið 5 hér að framan. Niðurstaðan er sú fyrrgreind tryggingafélög höfðu yfir 95% markaðshlutdeild á umræddum markaði á árinu 2003. Áfrýjandi hefur enga athugasemd gert við þetta.

## 7

Meðal gagna í máli þessu er bréf áfrýjanda til samkeppnisstofnunar dags. 15. ágúst 2002 þar sem segir:

„Megininntak “pilotverkefnisins” var að bera saman fyrri tímaáætlanir og tímaáætlanir CABAS-kerfisins en yfirlýst stefna var að verkstæðin ættu ekki að skaðast við upptöku kerfisins. Gert var munnlegt samkomulag milli P. Samúelssonar og bifreiðatryggingafélaganna þriggja um að unnið skyldi samkvæmt CABAS-kerfinu og síðan borið saman hvað tímagjald þyrfti að hækka í prósentustigum til að verkstæðið væri jafnsett eftir tímamælingu samkvæmt CABAS-kerfinu og tímamælingu eldra matskerfis. Þessi samanburður fór fram í desember 2001 til mars 2002. Niðurstaðan varð sú að til þess að halda sama gjaldi fyrir einstök verk þyrfti verð fyrir klukkustund í CABAS-kerfinu að vera 57% hærri en klukkustund samkvæmt eldri matsaðferð. Alltaf lá fyrir að hvert félag yrði að semja einstaklingsbundið um einingaverð og þjónustu við P. Samúelsson ehf. eins og önnur verkstæði.”

Bréf svipaðs efnis liggja einnig fyrir frá Vátryggingafélagi Íslands og Tryggingamiðstöðinni. Ljóst er af gögnum málsins, m.a. af tölvupósti sem P. Samúelsson ehf. sendi tryggingafélagunum þremur þann 2. apríl 2002 að umræðan hefur einnig snúist um verð verkstæðisins á útselda klukkustund. Í fyrrgreindum tölvupósti koma m.a. fram hugmyndir P. Samúelssonar ehf. um einingaverði á Cabas- viðgerðareiningu miðað við tilteknar forsendur fyrirtækisins og hver sé fjárhæð svonefnds núllpunkts á klukkustund án virðisaukaskatts. Áfrýjandi hefur enn fremur upplýst að á fundi þessara aðila þann 2. maí 2002 hafi fulltrúi P. Samúelssonar ehf. stungið upp á ákveðnu útsöluverði til allra tryggingafélaganna en því hafi fulltrúi áfrýjanda vísað á bug eins og nánar greinir í lið 8.

## 8

Í málinu liggja fyrir nokkrir tölvupóstar milli P. Samúelssonar ehf. og tryggingafélaganna í kjölfar fyrrgreinds fundar 2. maí 2002 og eru þeir raktir í hinni kærðu ákvörðun. Í þeim kemur fram að P. Samúelsson ehf. setti m.a. fram við tryggingafélögin sjónarmið sín um verðlagningu á einingu í Cabas-kerfinu. Því bréfi svaraði áfrýjandi með bréfi 7. maí sama ár þar sem segir m.a. :

„Það er rétt að við höfum átt gott samstarf við P. Sam og var það ástæðan að við vildum keyra CABAS verkefnið fyrst með því fyrirtæki áður en við færum í almenn verkstæði. ... Það er einnig rétt að fyrirtæki eins og P. Sam ... á að setja upp eðlilegt verð fyrir sína þjónustu þannig að eðlilegur afrakstur náist af starfseminni.

Það er hins vegar ljóst í mínum huga að við höfum verið að tala í austur og vestur. Verkefnið sem snýst um það að finna út hækkunarþörf vegna upptöku CABAS virðist ekki skýrt í hugum okkar og leyfi ég að minna á út á hvað það gengur.

Hvað Sjóvá Almennar varðar þá var alltaf ljóst hvert verkefnið átti að vera og breytir þá engu um hvort verkstæðin voru að rukka okkur of lítið eða of mikið því verkefnið lá í sjálfu sér fyrir utan þær hugrenningar. Verkefnið snérist einfaldlega um hver hækkunarþörf tímagjalds væri vegna upptöku CABAS?

Það er:

Tími uppgefin í CABAS (TC) x Verð fyrir tíma í CABAS (VC) =

Tími uppgefin í gamla kerfinu (TG) x Verð fyrir klst. í gamla kerfinu (VG).

Verkefnið snérist eingöngu um að finna hækkunarþörf á VC til að útkoman í þessum tveimur kerfum yrði sú sama hvort sem reiknað væri, það er  $TC \times VC = TG \times VG$ .

Það var einnig ljóst að það sem váttryggingafélögin ætluðu sér að ná út úr þessu væri innri hagræðing það er að með tímanum væri hægt að fækka tjónaskoðunarmönnum, því kom aldrei til greina að greiða fyrir tjónaskoðun sérstaklega. ...

Ef hins vegar P. Sam. telur að hækka þurfi tímaverð vegna þess að ekki náist ásættanlegur arður út úr viðkomandi einingu þá náði verkefnið ekki yfir það og þarf í raun að ræðast alveg sérstaklega (hækkunarþörf ekki leiðréttingaþörf).

...

Samkvæmt mínum útreikningum er hækkunarþörf vegna upptöku CABAS kerfisins 57%. Ef frekari hækkunar er þörf þá er það eingöngu út af öðrum atriðum sem koma upptöku CABAS ekkert við. ...

Í framhaldi af þessu tel ég æskilegt að við ræðum málin út frá upphaflegu markmiði (leiðréttingaþörf v. CABAS) en ekki út frá hver hækkunarþörf P. Sam er, það má taka þá umræðu upp í framhaldi. ...“

## 9

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur samkvæmt því sem fram kemur í lið 8 og öðrum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að tryggingafélögin hafi haft með sér samráð um fyrrgreint tilraunaverkefni. Áfrýjandi hefur staðfest að tilgangur verkefnisins hafi verið að yfirfæra tímaáætlanir úr gamla kerfinu yfir í einingakerfi þess nýja með það markmið í huga að verkstæðin væri jafnsett eftir einingamælingu samkvæmt Cabas-kerfinu og þau voru samkvæmt tímamælingu eldra kerfisins. Að mati áfrýjunarnefndar samkeppnismála felst í þessu verðstýring að því er varðar ákvörðun viðgerðartíma.

Eins og fram kemur í þeim gögnum áfrýjanda sem hér hefur verið vitnað til var hugmyndin sú með tilraunaverkefninu að ná fram hlutfallslegri hækkunarþörf til verkstæða vegna innleiðingar Cabas-kerfisins. Í samstarfi tryggingafélaganna fólst einnig að sameiginlegur aðgangur var að upplýsingum um verð á tímaeiningu eins og getið er um í lið 7 hér að framan og nánar er rakið í hinni kærðu ákvörðun. Þá þykja önnur gögn

málsins, einkum niðurstaðan um meðalhækkunarþörf tryggingafélaganna, veita nægar vísendingar um að áfrýjandi hafi tekið þátt í samstarfi um verðlagninguna.

Fyrrgreint samstarf felur í sér ólögmett verðsamráð og er andstætt 10. gr. samkeppnislaga. Að því marki sem slík samvinna gat haft jákvæð áhrif bar að leita undanþágu samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga en það var ekki gert.

## 10

Samkeppnisráð heldur því fram að áfrýjandi hafi enn fremur tekið þátt í samráði með hinum tryggingafélagunum um kaupverð á viðgerðarþjónustu frá fyrirtækinu P. Samúelssyni ehf. Þannig hafi áfrýjandi upplýst að á fundinum 2. maí 2002 hafi fulltrúi P. Samúelssonar ehf. stungið upp á ákveðnu útsöluverði sem næði til allra tryggingafélaganna en fulltrúi áfrýjanda hafi þó ekki viljað ræða þetta. Vátryggingafélag Íslands hafi hins vegar viðurkennt að tryggingafélögin hafi sameiginlega komið að viðræðum við P. Samúelsson ehf. um útsöluverð á viðgerðarþjónustu. Félagin hafi ekki reynt að þvinga P. Samúelsson ehf. til að undirgangast ákveðið verð heldur fremur reynt að verjast saman „ósanngjörnum verðkröfum“ P. Samúelssonar ehf. segir í bréfi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar frá 5. mars 2003. Enn fremur komi fram í fyrrgreindum tölvupósti P. Samúelssonar ehf. frá 2. maí 2002 að fyrirtækið hafi sett fram tilboð um tiltekið verð á tímameiningu sem samkeppnisráð telur að hafi að einhverju leyti verið til umræðu á fundinum 2. maí 2002.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála bendir á að fundir voru haldnir með tryggingafélagunum þremur og P. Samúelssyni ehf. vegna umrædds samstarfsverkefnis þar sem P. Samúelssyni ehf. reifaði m.a. hugmyndir sínar um tímaverð vegna verkefnisins og fjallaði einnig um með hvaða hætti tryggingafélögin hefðu fundið út sín verð. Enn fremur hefur hér þýðingu að tilgangur verkefnisins fól óhjákvæmilega í sér visst samstarf um verð enda varð sú raunin á eins og nánar er reifað í lið 9. Með hliðsjón af þessu og öðrum þeim sönnunargögnum sem nefnd eru í hinni kærðu ákvörðun telst nægjanlega sannað að áfrýjandi hafi tekið þátt í því samráði sem hér er til umræðu. Telst það varða við 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð heldur því fram að tryggingafélögin hafi gengið enn lengra en þetta og samræmt viðmiðunarverð sitt á Cabas-einingu gagnvart viðgerðarverkstæðum. Telur samkeppnisráð að tölvupósturinn frá P. Samúelssyni ehf. sýni að tryggingafélögin hafi ekki lagt til grundvallar það verð sem P. Samúelsson ehf. hafi reiknað út heldur tilkynnt verð sem þau hafi verið búin að ná samkomulagi um. Þetta er talið felast í orðum í tölvupósti P. Samúelssonar ehf. til tryggingafélaganna þar sem segir: „Það sem þið hafið lagt til grundvallar nýju verði er aðeins ykkar tölur en ekkert tillit tekið til okkar mælinga ...“ og í tölvupósti frá Tryggingamiðstöðinni til P. Samúelssonar ehf. þar sem m.a. segir: „Á síðasta fundi okkar lögðum við til að einingin í Cabas yrði verðlögð á kr. 49.00.- en það er niðurstaða útreikninga okkar.“

Fleiri gögn hafa verið tilfærð til sönnunar á þessu og því að tryggingafélögin hafi náð samkomulagi um að miða við 45 kr. fyrir hverja Cabas-einingu í áætlunum sínum. Skal þar helst nefnt að Vátryggingarfélag Íslands upplýsti Samkeppnisstofnun um það í bréfi 15. ágúst 2002 að 45 kr. sé viðmiðunarverð í verkáætlunum sem sé þannig fundið út að „meðalverð á unna klukkustund í viðgerðum hjá VÍS“ hafi numið tiltekinni fjárhæð. Sú upphæð „er hækkuð um 57% en það var meðalhækkun vinnutíma í samanburðarathugun sem gerð var á WinCABAS og hinu eldra fyrirkomulagi.“ Þá er og upplýst í málinu að áfrýjandi styðst einnig við sama viðmiðunarverð, sbr. bréf hans til Samkeppnisstofnunar frá 15. ágúst 2002. Áfrýjandi hefur einnig upplýst í bréfi til Samkeppnisstofnunar 14. október 2002 að niðurstaðan úr samvinnuverkefningu við P. Samúelsson ehf. hafi verið sú að verð fyrir klukkustund þyrfti að hækka um 57%. Sú niðurstaða sem hafi fengist úr samvinnunni við P. Samúelsson ehf. hafi verið „höfð til hliðsjónar sem viðmið þegar samið er um verð við einstök verkstæði og þá jafnframt byggt á eldri samningi við viðkomandi verkstæði.“ Loks ber að skýra málflutning samkeppnisráðs svo að gögn málsins sýni að Tryggingamiðstöðin hafi einnig miðað við sama viðmiðunarverð.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að ekki sé fram komin nægjanleg sönnun fyrir því að áfrýjandi hafi tekið þátt í samráði um að miða við 45 kr. sem einingaverð í Cabas-



kerfinu gagnvart viðgerðarverkstæðum. Sá fundur sem haldinn var 2. maí 2002 snerist um að meta meðalhækkunarþörf verkstæða í hundraðshlutum vegna upptöku Cabas-kerfisins. Skýr gögn liggja ekki fyrir um að tryggingafélögin hafi þá eða í tengslum við kerfisbreytinguna rætt um slíkt sameiginlegt viðmiðunarverð enda liggur fyrir tölvubréf frá áfrýjanda þar sem því er mótmælt að verkefnið snúist um það hver sé hækkunarþörf einstakra fyrirtækja. Því verður ekki fallist á að áfrýjandi hafi tekið þátt í umræddum brotum.

## 12

Í 1. mgr. 52. gr. samkeppnislaga segir m.a.:

„Samkeppnisráð leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara [...] Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. [...]“

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002 kemur fram að hér sé ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem horfa má til við álagningu sekta. Var talið að einnig mætti líta t.d. til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda, hagnaðarsjónarmiða og eldri brota á samkeppnislögum.

Í því máli sem hér um ræðir telst áfrýjandi hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að hafa samráð við Vátryggingafélag Íslands og Tryggingamiðstöðina með þeim hætti sem áður er lýst. Verðsamráð er að jafnaði alvarleg brot einkum ef til þess er horft að það var hér haft um mikilvæga þjónustu á tryggingamarkaðinum. Einnig skiptir máli að umrædd tryggingafélög hafa sameiginlega yfirburðarstöðu á þeim markaði sem um ræðir eins og sýnt hefur verið fram á. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur, líkt og samkeppnisráð, að brot áfrýjanda hafi í eðli í eðli sínu verið til þess fallið að valda viðskiptavinum félagsins tjóni. Það felst einkum í að samræma verð fyrir réttingar- og viðgerðarþjónustu bifreiðaverkstæða, m.a. með ákvörðun um verktíma. Umrædd brot geta ekki talist óveruleg. Með hliðsjón af þessu og öðrum röksemdum sem fram koma í

hinni kærðu ákvörðun er sektarákvörðun staðfest. Skal sektin greiðast eigi síðar en að liðnum einum mánuði frá dagsetningu þessa úrskurðar.

### Úrskurðarorð

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með þeim hætti sem greint er í úrskurði þessum.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði stjórnvaldssekt að upphæð kr. 27.000.000.

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en einum mánuði eftir dagsetningu úrskurðar þessa.

Reykjavík, 3. maí 2005

Stefán Már Stefánsson

Brynhildur Benediktsdóttir

Lárus L. Blöndal